

## Stjórnarfundur STEFs 9. desember 2021

### Fundargerð - útdráttur

Á skrifstofu STEFs að Laufásvegi 40 var haldinn fundur í stjórn STEFs mánudaginn 9. desember 2021 og hófst hann kl. 11:00.

Fundarmenn: Bragi Valdimar Skúlason (formaður), Þórunn Gréta Sigurðardóttir, Hallur Ingólfsson, Hildur Kristín Stefánsdóttir, Páll Ragnar Pálsson og Sigríður Thorlacius. Sigurður Flosason komst ekki, en varamaður hans, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, kom í hans stað. Að auki sat fundinn framkvæmdastjóri, Guðrún Björk.

Dagskrá fundarins var lögð fram. Þetta gerðist helst:

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 15. nóvember, sem og útdráttur úr fundargerð voru lögð fram og samþykkt með einni breytingu.
2. Yfirlit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum var lagt fram.

Lögð voru enn fremur fram eftirfarandi skjöl:

- a) Dagur íslenskrar tónlistar – Yfirlit
  - b) Úr stjórnarsáttmála 2021 – Um tónlist og menningu
  - c) Úr fjárlagafrumvarpi 2022 – Leitarorð „tónlist“
  - d) Drög að reglugerð um Kvikmyndasjóð
3. Lit yfir úthlutanir ársins lagt fram ásamt skýringargögnum.
    - a) Yfirlit yfir þróun úthlutana frá 2017-2021
    - b) Ýmis tölfræði og úthlutun úr sjóðum
    - c) Punktur og upphæðir í aðalúthlutun og miðsumarsúthlutun
    - d) Skipting á fjárhæðabil
    - e) Skipting tekna milli aðildarfélaganna

Í stuttu máli sagt jókst heildarúthlutun til innlendra rétthafa lítillega milli ára, einkum í ljósi þess að úthlutanir erlendis frá jukust á milli ára, sér í lagi hafa streymistekjur aukist til muna. Hins vegar var u.þ.b. 20% samdráttur í aðalúthlutun vegna flutnings tónlistar innanlands og munar þar ekki síst um lægri bakgrunnstekjur, sem er bein afleiðing af fyrirsjáanlegum neikvæðum áhrifum COVID á hvers konar samkomuhús, veitingastaði o.þ.h. Þá var mikið hrun í úthlutun fyrir tónleika, sem er afleiðing af tekjuhruni milli ársins 2019-2020, er nam um 80%. Vert er að geta þess að miðsumarsúthlutun í ár var mun stærri en á síðasta ári, en sú úthlutun er hluti af aðalúthlutun. Miðsumarsúthlutun nam 66 milljónum í ár, en var 30 milljónir í fyrra. Þar af leiðandi var desemberúthlutunin aðeins minni fyrir vikið.

Úthlutanir ársins voru samþykktar af stjórn.

Nokkrar umræður urðu um úthlutanir tekna af bakgrunnstónlist og hvort rétt væri að endurskoða hana. Ljóst er að það er niðurstaða nefndar um endurskoðun úthlutunarreglna að afnema úthlutun skv. mati “Sigrænu nefndarinnar” og “DMB nefndarinnar” og væri þá tækifæri til að skoða úthlutun

bakgrunnstónlistar í heild. Nefnt var að streymi gæti væri eðlilegri mælikvarði á úthlutun heldur en útvarp, eða þá einhver blanda af þessum tveimur þáttum.

4. Skipan kjörstjórnar vegna fulltrúaráðskosninga 2022.

Lagt fram skipulag og tímaplan vegna kosninganna. Var planið samþykkt og þar með að fela fyrirtækinu *Outcome* að sjá um rafrænan hluta kosninganna skv. tilboði. Kjörstjórn var kjörin; Stefán Hilmarsson, Guðrún Björk Bjarnadóttir og Einar Hafliði Einarsson.

Í framhaldi af þessu urðu nokkrar umræður um ákvæði samþykktu STEFs um það hvenær nýkjörið fulltrúaráð tekur við, en fannst mörgum núverandi fyrirkomulag ekki nægilega gott, þar sem fulltrúaráð fær í raun ekki að skila af sér eftir kosningar og að það kæmi í hlut nýs fulltrúaráðs að samþykkja ársreiknings vegna starfsárs sem það hefði ekki komið að. Þess í stað væri æskilegra að fulltrúaráð héldi völdum sínum fram yfir aðalfund, en nýkjörið fulltrúaráð tæki til starfa eftir aðalfund. Fyrsti fundur nýs fulltrúaráðs yrði því skv. venju í desember það ár sem það er kjörið eða þá að boðaður yrði sérstakur aukafundur fyrir nýkjörið fulltrúaráð eftir aðalfund. Var framkvæmdastjóra falið að setja fram tillögu til breytinga á samþykktum að þessu leyti.

5. Cora – dótturfyrirtæki STIM vegna YouTube-tónsetningar

Kynntur var nýr möguleiki fyrir þá sem hafa atvinnu af YouTube myndböndum að velja tónlist með myndböndum sínum gegn áskriftargjaldi. Í framhaldi af kynningunni samþykkti stjórn STEFs fyrir sitt leyti að STEF tæki þátt í þessu verkefni og að þau verk sem STEF hefur umboð fyrir gætu farið inn á þennan nýja vettvang. Til upplýsingar skal þess getið, að um er að ræða samsett tónsetningarleyfi mastershafa og höfundaréttar og því þurfa masterrétthafar einnig að gera samninga við Cora til að viðkomandi verk verði aðgengileg á þessum vettvangi. Rætt hefur verið við FHF um að koma á kynningu á verkefninu fyrir stjórn FHF.

6. Önnur mál

- a. Tillaga að fundaplani stjórnar á vorönn 2022 var lagt fram og var samþykkt.

Ekki voru fleiri mál fram borin. Fundi var slitið kl. 13:15.